

Til borgarráðs

Efni: Forsendur fjárhagsáætlunar 2018 og fimm ára áætlunar 2018-2022

Lagðar eru fram forsendur fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar fyrir árið 2018 og forsendur fimm ára áætlunar 2018-2022 sem eru skv. þjóðhagsspá Hagstofu frá 31. maí sl. Heildarforsendur Hagstofuspár má sjá í viðauka.

Forsendur fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar						
Breytingar milli ársmeðaltala %	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Einkaneysla	6,9	5,2	3,4	2,9	2,8	2,5
Samneysla	1,8	1,3	1,2	1,8	1,8	1,8
Fjármunamyndun	9,8	4,0	2,7	2,9	4,8	4,6
Útflutningur vöru og þjónustu	8,4	4,1	3,4	3,9	3,0	2,4
Innflutningur vöru og þjónustu	9,6	5,8	3,3	3,8	3,9	3,1
Verg landsframleiðsla	6,0	3,3	2,8	2,7	2,6	2,5
Vísitala neysluverðs	1,9	2,7	2,9	2,7	2,6	2,5
Gengisvísitala (hækkun = veiking krónu)	-14,1	-3,1	-0,3	0,0	0,0	0,0
Launavísitala	6,7	6,5	5,9	4,6	4,3	4,2

Einnig eru lagðar fram forsendur fjármálaskrifstofu um þróun vísitölu neysluverðs innan ársins 2017 og 2018 þ.e. á milli ársloka 2016 og 2017 annars vegar og ársloka 2017 og 2018 hins vegar.


Forsendur fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar		
Breyting milli ársloka (%)	2017	2018
Vísitala neysluverðs innan ársins	2,10	3,05

Í spá Hagstofu fyrir árið 2017 er gert ráð fyrir 6,0% hagvexti sem drifinn er áfram af vexti einkaneyslu og fjárfestinga. Á móti vex innflutningur (9,6%) umfram útflutning (8,4%) sem dregur úr afgangi af vöru- og þjónustuviðskiptum. Gert er ráð fyrir að launavísitala hækki um 6,7% á árinu en að verðbólga verði aðeins 1,9% vegna gengisstyrkingar krónunnar. Þannig er gert ráð fyrir að aukning kaupmáttar verði áfram mikil í sögulegu samhengi eða 4,7%.

Árin 2018-2022 er búist við að það dragi úr vexti þjóðarþúsins og að hagvöxtur verði á bilinu 2,5%-3,5%. Áfram er gert ráð fyrir að kaupmáttaraukning og vöxtur einkaneyslu verði drífandi þættir ásamt miklum jákvæðum viðskiptajöfnuði út spátímann. Reiknað er með að verðbólga fari yfir verðbólguþröng Seðlabankans á næsta ári og nái hámarki árið 2019 en fari síðan lækkandi eftir það í átt að markmiðinu.

Undanfarin misseri hafa einkennst af miklum uppgangi í efnahagslífinu sem endurspeglast í sögulegum vexti helstu hagstærða. Í lok fyrsta ársfjórðungs 2017 hafði t.d. íslenska krónan styrkst á

12 mánaða tímabili um 19,6% sem er mesta styrking frá aldamótum. Á sama tíma hækkaði fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu um 20,9% á meðan verðlag hækkaði einungis um 1,9%. Þá hefur hlutfall starfandi íbúa á höfuðborgarsvæðinu vaxið hratt síðustu árin og hefur ekki verið hærra síðan um áramótin 2007-2008.



Ljóst er að slíkur vöxtur er ekki sjálfbær til lengri tíma og því er hætt við því að þróun efnahagsmála verði sveiflukenndari en gert er ráð fyrir í spá Hagstofu. Helstu óvissupættir í spánni snúa að gengis- og verðlagsþróun ásamt óvissu um niðurstöðu kjarasamninga á almennum vinnumarkaði sem gilda til lok árs 2018. Því er mikilvægt að fjárhagsáætlun borgarinnar fyrir árið 2018 og fimm ára áætlun 2018-2022 geri ráð fyrir hóflegum vexti útgjalda bæði til rekstrar og fjárfestinga sem leiði til styrkingar veltufjár frá rekstri og gefi færi á lækkun hreinna skulda. Þannig er stuðlað að stöðugleika í rekstri borgarinnar og búið í haginn fyrir niðursveiflu síðar meir.

Viðauki: Þjóðhagsspá Hagstofu frá 31.maí sl.

Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 31. maí sl.						
Breytingar milli ársmeðaltala %	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Einkaneysla	6,9	5,2	3,4	2,9	2,8	2,5
Samneysla	1,8	1,3	1,2	1,8	1,8	1,8
Fjármunamyndun	9,8	4	2,7	2,9	4,8	4,6
Atvinnuvegafjárfesting	8	0,5	-0,4	1,3	4,6	5
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	20,4	17,2	12,1	7,2	6,1	4
Fjárfesting hins opinbera	11,8	5,6	5,7	4,4	3,7	3,4
Þjóðarútgjöld, alls	6,4	3,9	2,7	2,6	3	2,8
Útflutningur vöru og þjónustu	8,4	4,1	3,4	3,9	3	2,4
Innflutningur vöru og þjónustu	9,6	5,8	3,3	3,8	3,9	3,1
Verg landsframleiðsla	6	3,3	2,8	2,7	2,6	2,5
Vöru- og þjónustujöfnuður, % af VLF	6,4	5,7	5,7	5,7	5,4	5,1
Viðskiptajöfnuður, % af VLF	5,8	5	5,3	5,4	5	4,6
Viðskiptajöfnuður án innlánsstofnana í sl	5,8	5	5,3	5,4	5	4,6
VLF á verðlagi hvers árs	2600,2	2754,8	2920	3082,8	3250,2	3417,9
Vísitala neysluverðs	1,9	2,7	2,9	2,7	2,6	2,5
Gengisvísitala	-14,1	-3,1	-0,3	0	0	0
Raungengi	16,7	3,4	1,2	0,6	0,4	0,3
Atvinnuleysi, % af vinnuafli	2,6	2,9	3,4	3,8	4	4
Launavísitala	6,7	6,5	5,9	4,6	4,3	4,2
Alþjóðlegur hagvöxtur	1,9	2	1,9	1,9	1,8	1,8
Alþjóðleg verðbólga	1,9	1,9	2	2,1	2,1	2,1
Verð útflutts áls	15,9	1,7	1,5	1,5	1,9	1,9
Olíuverð	23,2	3,1	0,4	1	1,7	1,9

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri